



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2010

**Efni: UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGAR Á
HJÚSKAPARLÖGUM OG FLEIRI LÖGUM OG UM BROTTFALL LAGA UM STAÐFESTA SAMVIST
(EIN HJÚSKAPARLÖG), 138. LÖGGJAFARÞING 2009-2010, ÞSKJ. 836 – 485. MÁL.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög). Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar kemur fram að markmið hennar sé að lögfesta ein hjúskaparlög. Fyrirnefndum lögum er ætlað að útrýma þeim mun sem felst í mismunandi löggjöf vegna hjúskapar karls og konu annars vegar og staðfestrar samvistar tveggja einstaklinga af sama kyni hins vegar. Þannig er ætlun laganna að ein hjúskaparlög gildi um alla, burtséð frá kynhneigð. Enn fremur er lagt til að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á öðrum lögum til að afmá fyrirnefndan mun.

Mannréttindaskrifstofan fagnar efni frumvarpsins en með því skipa íslensk stjórnvöld sér í framvarðasveit á heimsvísu þegar kemur að réttindum samkynhneigðra. Verði frumvarpið að lögum er jöfn staða samkynhneigðra og gagnkynhneigðra borgara í samfélaginu og í fjölskyldulífi viðurkennd.

Fyrirhugaðar réttarbætur miða að því að afnema að fullu þá mismunun sem enn fyrirfinnst í lögum varðandi réttarstöðu samkynhneigðra. Meðal þess sem frumvarpið tekur til eru breytingar á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum, þar sem tekin eru út skilyrði um að lögin nái einungis yfir hjúskap karla og kvenna og talað er um tvo einstaklinga þess í stað. Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins bætist við ný grein þar sem kveðið er á um að einstaklingar í staðfestri samvist geta fengið samvist sína viðurkennda sem hjúskap eða þeir geta stofnað til hjúskapar. Frumvarpið tekur einnig til breytinga á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum, á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum, á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum, á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum og fleiri lögum. Frumvarpið tekur á heildstæðan hátt á þeim þáttum sem áður gátu leitt til mismununar og endurspeglar það þá jákvæðu viðhorfsbreytingu sem orðin er í íslensku samfélagi gagnvart samböndum og fjölskyldulífi samkynhneigðra.

Á undanförunum árum hafa íslensk stjórnvöld tekið mikilvæg skref í átt að réttarbótum til handa samkynhneigðum. Miklir lagalegir ávinningar hafa því orðið og gildismat þjóðarinnar gagnvart samkynhneigð hefur tekið miklum breytingum. Lög um staðfesta samvist nr. 87/1996 voru fyrsta skrefið en í lögnum var þó kveðið á um ákveðnar undantekningar frá þeirri meginreglu laganna að öll lagaákvæði um hjúskap giltu um einstaklinga í staðfestri samvist. Sem dæmi má nefna að samkynhneigðir gátu ekki fengið samvist sína staðfesta í kirkjulegri vígslu og einnig var tekið fram í lögnum að ákvæði ættleiðingarlaga og laga um tæknifrjóvgun giltu ekki um staðfesta samvist.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Lögnum var fyrst breytt árið 2000 og var m.a. kveðið á um að samkynhneigðum aðilum væri heimilt að ættleiða barn maka sinna. Mikilvægar breytingar voru svo gerðar árið 2006 þar sem samkynhneigðum þörum var heimilt að ættleiða börn samkvæmt ættleiðingarlögum, nr. 130/1999, og lesbískum þörum var heimil aðstoð við tæknifrjövungun samkvæmt lögum um tæknifrjövungun, nr. 55/1996. Samstaða var um að engin rök væru fyrir því að samkynhneigðir aðilar væru síðri uppalandur en gagnkynhneigðir. Lögin útrýmdu því þeirri mismunun sem samkynhneigðir urðu fyrir þegar kom að ættleiðingum barna og tæknifrjövungunum. Árið 2008 voru aðrar mikilvægar breytingar gerðar á lögnum og var þá prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga veitt heimild til að staðfesta samvist.

Með ofangreindum breytingum var réttarstaða samkynhneigðra í staðfestri samvist orðin að mestu leyti til samræmis við réttarstöðu karls og konu í hjúskap. Engu að síður er enn gerður greinarmunur á einstaklingum af gagnstæðu kyni annars vegar og einstaklingum af sama kyni hins vegar, t.d. með því að nota mismunandi hugtök um fjölskylduform gagnkynhneigðra og samkynhneigðra. Með því að nota mismunandi hugtök á þennan hátt gefur það til kynna að grundvallarmunur sé á fólki eftir kynhneigð þess. Mannréttindaskrifstofan fagnar því þeim fyrirætlunum að ein hjúskaparlög verði staðfest og þessum greinarmuni verði þar með útrýmt.

Mannréttindaskrifstofan lýsir sérstakri ánægju sinni með að 2. mgr. 2. gr. laga um staðfesta samvist muni falla úr gildi með niðurfellingu laganna í heild. Þar er kveðið á um að staðfesting samvistar geti aðeins farið fram ef báðir einstaklingar eða annar þeirra er íslenskur ríkisborgari (a-liður) eða ef báðir einstaklingar hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestingu samvistar þeirra (b-liður). Í hjúskaparlögum er ekki að finna sambærilegt ákvæði og því er um klára mismunun að ræða. Gagnkynhneigðir einstaklingar af erlendum uppruna geta gengið í hjúskap hér á landi en hið sama á ekki við um samkynhneigða einstaklinga sem vilja ganga í staðfesta samvist. Með því að fella niður lög um staðfesta samvist verður þessari mismunun útrýmt og fagnar skrifstofan því.

Af öllu ofangreindu virtu virðast engin rök vera lengur til staðar til að greina á milli staðfestrar samvistar og hjúskapar líkt og núverandi löggjöf gerir. Þar af leiðandi lætur Mannréttindaskrifstofa Íslands í ljós þá von að fyrirhugaðar lagabreytingar nái fram að ganga en telja má víst að þær endurspeglir ríkjandi viðhorf og vilja meirihluta landsmanna.

Að lokum telur Mannréttindaskrifstofan liggja beint við að breytingar verði gerðar á stjórnarskrá sem taki mið af breyttum viðhorfum gagnvart réttindum samkynhneigðra. Þegar stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, var breytt árið 1995 var tillögum um að geta kynhneigðar sérstaklega í 1. mgr. 65. gr.¹ hafnað. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og vill skrifstofan ítreka að það er tímabært og tilefni til að tryggja jafnan rétt og bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar í stjórnarskrá.²

¹ „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðemisuppruna, kynþáttar, lítarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

² Sjá, t.d. tilmæli þings Evrópuráðsins 1474 (2000) og 29. gr. 3. kafla Ottawa yfirlýsingar Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu frá 1995 þar sem ríki eru hvött til að lögleiða bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Það hlýtur að teljast til grundvallarmannréttinda að samkynhneigðir hafi jafnan rétt til hjúskapar og gagnkynhneigðir. Fyrirliggjandi frumvarp er til þess fallið að styrkja stöðu samkynhneigðra og vonar skrifstofan því að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur